

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Reitur 1.171.0 – Laugavegur 1 – USK25110124.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 18. nóvember 2025, breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.0 vegna lóðarinnar nr. 1 við Laugaveg. Í breytingunni felst leiðrétting þar sem framhús er skilgreint sem friðlýst hús, ásamt viðbót við texta með nánari lýsingu á hinu friðlýsta húsi og tilvitnun í 24. gr. laga um menningarminjar, nr. 80/2012, um meðferð fornminja. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sjómannaskólareitur – Háteigsvegur 35 – USK25110100.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 2. desember 2025, breytingu á deiliskipulagi Sjómannaskólareits vegna lóðarinnar nr. 35 við Háteigsveg. Í breytingunni felst breytt mænisstefna og lækkun hámarks mænishæðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 9. desember 2025.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025